

VIÐSKIPTAVINIR

„Við sóttum til þekkingar vegna hugmyndar um að innleiða og setja upp SharePoint á einfaldan hátt og styrkja vinnu okkar við rektur rafrænnar gæðahandbókar. Starfsfólk þekkingar var aðgengilegt og þægilegt og lagði metnað í að uppfylla óskir okkar um að koma af stað notkun á SharePoint í skrefum og á hagkvæman hátt.“

Birna Guðjónsdóttir
VSÓ Ráðgjöf
Öryggismál og stjórnun

„Ráðgjafar þekkingar hafa sinnt ýmsum verkefnum fyrir Samkeppniseftirlitið, m.a. á sviði handbókagerðar. Við gerum strangar kröfur um fagleg vinnubrögð hjá okkar samstarfsaðilum. Í þessum verkefnum hefur þekking uppfyllt okkar kröfur og reynst vera öflugur og traustur samstarfsaðili.“

Hilmar Þórðarson
Samkeppniseftirlitið
Sviðsstjóri Rannsóknar- og upplýsingatæknisviðs

Heildarlausn fyrir fyrirtækið

Microsoft SharePoint Server

Sharepoint snýst um samvinnu og er öflug samskiptagátt og þekkingarstjórnunarkerfi. Aðgangur er auðstýranlegur og hægt að gefa aðgang niður á möppur og skjöl með einföldum hætti. Auðveldlega er hægt að setja upp svæði fyrir vinnuhópa og einnig er innbyggt í SharePoint samþætting við Office.



Starfsemi fyrirtækja er sífellt að verða dreifðari og algengt er að fyrirtæki reki fleiri en eina starfstöð, innan- sem utanlands. Auk þessa eru starfsmenn oft mikið á ferðinni á milli starfstöðva og landa. Það er því mikilvægt að starfsmenn geti miðlað upplýsingum á einfaldan hátt og unnið saman án tillits til staðsetningar.

Microsoft SharePoint er hugbúnaður sem auðveldar samstarf og upplýsingamiðlun innan



fyrirtækja. Lausnin er samþætt við aðrar lausnir frá Microsoft sem þýðir að hægt er að nálgast upplýsingar frá ólíkum kerfum á einum stað. SharePoint er upplýsingagátt og Innranet þar sem hægt er að vista og vinna á miðlægu svæði. Í boði eru hópvinusvæði, blogg, wiki, spjall, My Site ofl.

Þekking býður upp á uppsetningu á SharePoint sem er sniðin að óskum hvers viðskiptavinar fyrir sig. Ráðgjafar greina uppbyggingu fyrirtækisins og þarfir þess með því að taka viðtöl við starfsmenn og skoða núverandi uppbyggingu innra umhverfis. Ráðgjafar greina sérstaklega nauðsyn þess að hafa tengingu í önnur kerfi til að komast hjá tvískráningu.

SharePoint býður upp á öfluga leit og einfalda stjórnun á skjölum. Hægt er að setja upp verkferli og samþykktarferla og flokka skjöl eftir hentugleika. Fylgjast má með breytingasögu skjala og útgáfustýringu.

Dæmi um lausnir

Gæðahandbækur
Viðverukerfi
Viðskiptagreind
Verkbeiðnakerfi

CRM Kerfi
Rekstrarhandbók
Umsóknarkerfi
Orlofslausn

Bókaðu kynningu

Bókaðu fund þér að kostnaðarlausu í gegnum netfangið sala@thekking.is